

Ed.

459. Frumvarp til laga

[252. mál]

um fjarskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja orðin:

Fjarskipti: Það sem nefnd er „Télécommunication” í alþjóðafjarskiptasamningum (nú Convention Internationale des Télécommunications, Nairobi 1982) og þýðir hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum með rafsegulöldum (radio) eða öðrum rafsegulkerfum eða með sjónmerkjum.

Fjarskiptavirki: Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og þvítíkt sem sérstaklega er ætlað til að koma á fjarskiptum eða reka þau, hvort heldur er til sendingar eða móttöku.

Notendabúnaður: Hvers konar tæki innan húsrýmis eða starfsstöðvar notenda, svo og tækjahlutir og leiðslur sem tengdar eru hinu opinbera fjarskiptakerfi.

Fjarskipti sem fara ekki um hið opinbera fjarskiptakerfi, þegar eingöngu er um að ræða boðmiðlun eða upplýsingar innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmíðjum, falla sem slík ekki undir ákvæði laga þessara.

II. KAFLI

Réttur til reksturs fjarskipta.

2. gr.

Ríkið hefur einkarétt á að stofna og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti, svo og að gefa út nafnaskrá um fjarskiptasvöðvar og notendur fjarskiptavirkja.

3. gr.

Ríkið hefur einkarétt á að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra.

Einkaréttur ríkisins skv. þessari grein nær þó ekki til notendabúnaðar.

Hver sá, sem flytur inn eða smíðar notendabúnað er tengja á við fjarskiptakerfi ríkisins, skal fyrirfram fá yfirlýsingu Póst- og símamálastofnunarinnar um að hver og ein tegund eða gerð tegundar notendabúnaðar eða hlutar hans uppfylli þær tækniröfur, sem gilda um notendabúnað á hverjum tíma.

Innflytjandi eða framleiðandi skal ætíð sjá til þess, að fyrir hendi séu varahlutir og viðhaldsþjónusta fyrir þann búnað, sem hann flytur inn eða smíðar. Ennfremur skulu þeir, sem annast uppsetningu og tengingu notendabúnaðar, hafa til þess tilskilin réttindi, sem nánar skulu skilgreind í reglugerð, er ráðherra setur.

Póst- og símamálastofnunin skal ætíð hafa til sölu allan almennan notendabúnað.

Nú synjar Póst- og símamálastofnunin um viðurkenningu á notendabúnaði og getur þá sá er synjun fær skotið henni til úrskurðar þriggja manna nefndar, sem ráðherra skipar. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu málskotsaðila, annar eftir tilnefningu Póst- og símamálastofnunar, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann hafa tæknipækkingu á fjarskiptum.

Kostnað við málskot úrskurðar ráðherra og greiðist hann að jöfnu af málskotsaðila og Póst- og símamálastofnuninni.

Ráðherra setur reglugerð um tilhögun málskots, svo og um nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

4. gr.

Ráðherra getur látið innsigla fjarskiptavirki, sem ekki eru í notkun eða hluta þeirra eða fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli. Innsiglið má ekki rjúfa án heimildar ráðherra.

5. gr.

Fjarskiptavirki í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum erlendum farartækjum, sem eru innan íslenskrar landhelgi eða lofthelgi, má aðeins nota samkvæmt ákvæðum íslenskra laga og reglugerða.

III. KAFLI

Skylda til þess að hafa fjarskiptabúnað í farartækjum.

6. gr.

Ráðherra getur mælt svo fyrir, að íslensk skip, loftför og önnur farartæki séu búin fjarskiptavirkjum og setur hann nánari reglugerð þar um.

Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf til handa þeim aðilum, sem með sérstökum lögum eða alþjóðasamþykktum hafa fengið leyfi til eða eru skyldugir til að halda uppi fjarskiptum á ákveðnum sviðum. Í leyfisbréfum skal kveðið á um tæknilega eiginleika fjarskiptavirkja í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir svo sem um tíðni og útgeislað afl.

Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með starfsemi þessara fjarskiptavirkja.

IV. KAFLI

Stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

7. gr.

Póst- og símamálastofnunin annast framkvæmd á einkarétti ríkisins til fjarskipta, nema lög kveði á um annað á tilteknum sviðum fjarskipta.

Stofnunin hefur eftirlit með því, að gildandi alþjóðafyrirmælum, milliríkjasamningum, lögum, reglugerðum og fyrirmælum sé fylgt.

8. gr.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að láta framkvæma þær breytingar og endurbætur á fjarskiptavirkjum ríkisins og gera aðrar ráðstafanir sem reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegar eru góðum og öruggum rekstri, eða alþjóðafyrirmæli eða milliríkjasamningar krefjast.

9. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Póst- og símamálastofnunararinnar gjaldskrá fyrir þjónustu sem stofnunin veitir.

Hann setur í reglugerð nánari fyriræli um framkvæmd fjarskiptamála, eftirlit með þeim og annað er þar að lýtur.

Í reglugerð má ákveða, að þeir, sem hljóta óskerta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, verði undanþegnir afnotagjöldum fyrir síma.

V. KAFLI

Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja o. fl.

10. gr.

Sérhver eigandi eða umráðamaður fasteignar er skyldur að leyfa Póst- og símamálastofnunni að leggja leiðslur fjarskiptavirkja um land sitt, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þeim. Hafa skal samráð við eigendur eða umráðamenn mannvirkja um hvar leiðslur sem snerta eign þeirra séu lagðar, eða efni tekið, enda hafi það engan verulegan kostnaðarauka eða önnur vandkvæði í för með sér.

Menn sem í þágu Póst- og símamálastofnunarinnar þurfa að fara um lendur eða híbýli vegna starfa sinna, skulu forðast að valda eigendum eða íbúum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.

11. gr.

Þar, sem fjarskiptavirki ríkisins eru, má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur, raflagnir, leiðslur og þvílíkt, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir, er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra, nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samkomulag fengist við Póst- og símamálastofnunina um tilhögun framkvæmda. Þeir sem ákveða slíkar framkvæmdir eða þeir sem annast þær, bera allan kostnað, sem af þeim leiðir, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi.

Ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa óvænt eða af gáleysi valdið skemmdum á fjarskiptavirkjum eða truflunum á rekstri þeirra skal sá er þeim hefur valdið, þegar í stað tilkynna það Póst- og símamálastofnuninni og jafnframt greiða allan kostnað, sem af því leiðir, bæði beinan og óbeinan, t. d. viðskiptatap, nema annað verði að samkomulagi.

Hafi einhver umráð yfir einhvers konar mannvirkjum, tækjum, pípum, raflögnum, leiðslum og þvílíku, sem valdið geta truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins, er Póst- og símamálastofnuninni þá heimilt að gera á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir бага þann, sem af þessu hlýst eða getur hlotist á fjarskiptavirkjum.

12. gr.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi að starfa að lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki, er gefa þetta til kynna, þá skulu önnur skip, sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki, halda sig eigi skemmra en mílufjórðung frá sæsímaskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Fiskiskip skulu þó hafa 12 stunda frest til þess að taka burtu veiðarfæri, sem í sjó liggja.

Nú hefur dufli verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng fjarskiptavirkja, og skulu skip þá halda sig og veiðarfærum sínum eigi skemmra en mílufjórðung frá duflinu.

13. gr.

Ef skip hefur orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma sæstrengi fjarskiptavirkja, enda hafi skipið sjálft ekki stofnað til hættunnar af gáleysi, þá á það kröfu til skaðabóta frá eiganda strengjanna. Ef unnt er, skal þegar fara til bókar skýrslu um tjónið, staðfesta af skipverjum. Svo skal og skipstjóri gefa sjóferðaskýrslu um tjónið í fyrstu höfn, sem því verður við komið. Formaður dóms, er við sjóferðaskýrslu tekur, skal þegar tilkynna eiganda sæstrengjanna um tjónið.

14. gr.

Ef afla þarf lóðar eða annarrar eignar í sambandi við lagningu eða rekstur fjarskiptavirkja ríkisins og samningum um kaup verður ekki við komið, má að fengnu samþykki ráðherra taka eignina eignarnámi gegn endurgjaldi, sem metið sé eftir eignarnámslögum.

Ríkissjóður skal og bæta tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum, sem hlotist hefur af lagningu eða viðhaldi fjarskiptavirkja ríkisins. Verði samningum ekki komið við, skulu bæturnar metnar skv. lögum (nú lögum nr. 11/1973).

VI. KAFLI

Leynd og vernd fjarskipta.

15. gr.

Allir starfsmenn fjarskiptavirkja ríkisins skulu skyldir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir öllum út í frá efni skeyta, sem koma eða fara, svo og að þau hafi komið eða farið og hver hafi fengið þau eða sent. Þeir skulu og halda leyndu fyrir öllum út í frá efni samtala um fjarskiptavirki ríkisins, svo og að samtöl hafi farið fram og hverjir hafa átt tal saman. Ekki má án undangengins dómsúrskurðar veita óviðkomandi mönnum aðgang að því að sjá skeyti eða önnur starfræksluskjöl, sem almenningi er ekki ætlað að sjá, eða aðgang að því að hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Ráðherra ákveður, hvort slíkum úrskurði skuli áfrýjað. Sams konar leyndarskylda skal á þeim hvíla um myndir eða merki, sem flutt hafa verið um fjarskiptavirkin og ekki eru fyrir almenning. Þeim er og stranglega bannað að notfæra sér á nokkurn hátt persónulega innihald slíkra skeyta, samtala, mynda, merkja eða starfræksluskjala. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptavirkja.

16. gr.

Enginn starfsmaður fjarskiptavirkja ríkisins má ónýta, aflaga eða skjóta undan skeytum, myndum eða öðrum merkjum, sem afhent eru til flutnings um fjarskiptavirkin, eða liðsinna öðrum í þess konar athæfi.

17. gr.

Í leyfisbréfum, er Póst- og símamálastofnunin gefur út samkvæmt 6. gr. laga þessara, skal leggja á starfsmenn fjarskiptavirkja, sem leyfisbréfið hljóðar um, sams konar skyldur sem á starfsmönnum fjarskiptavirkja ríkisins hvíla eftir 15. og 16. gr., enda varða þá brot á þeim skyldum sömu viðurlögum sem brot starfsmanna fjarskiptavirkja ríkisins. Sama gildir um þá sem fá réttindi til uppsetningar og tengingar fjarskiptavirkja skv. 3. gr.

18. gr.

Sá sem með einhverjum hætti án heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkum eða hlustar á fjarskiptasamtöl, má ekki skrá neitt slíkt, tilkynna það öðrum eða notfæra sér það á nokkurn hátt.

VII. KAFLI

Stöðvun fjarskipta.

19. gr.

Ríkisstjórnin getur stöðvað skeyti, símtöl eða önnur fjarskipti, sem teljast hættuleg öryggi ríkisins eða brjóta í bága við lög landsins og almennt velsæmi.

VIII. KAFLI

Fjarskiptavirki á hættutímum.

20. gr.

Á ófriðartímum og þegar það telst nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins, getur ríkisstjórnin fyrirskipað að engir aðrir en þeir, sem heimild hafa til þess frá Póst- og símamálastofnuninni megi eiga eða hafa í vörslum sínum tilteknar tegundir fjarskiptavirkja eða hluti, sem eru sérstaklega ætlaðir í þau, og ekki heldur aðrar tilteknar tegundir tækja, sem nota má til þess að koma á fjarskiptum.

21. gr.

Nú á maður eða hefur í vörslum sínum einhver slík fjarskiptavirki eða tæki, sem nefnd eru í fyrirmælum ríkisstjórnarinnar samkvæmt 20. gr., og skal hann þá þegar í stað tilkynna Póst- og símamálastofnuninni það og afhenda henni fjarskiptavirkin eða tækin eða hluta þeirra eftir því sem hún mælir fyrir um. Komi endurgjald til greina, greiðist það úr ríkissjóði skv. mati dómkvaddra manna.

IX. KAFLI

Milliríkjasamningar.

22. gr.

Alþjóðasamningar og aðrir milliríkjasamningar um fjarskiptamál, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir og Alþingi staðfestir, skulu ásamt þar að lútandi reglugerðum gilda sem lög.

X. KAFLI

Viðurlög við brotum á lögum þessum o. fl.

23. gr.

1. Brot gegn 2.—6. gr., 1. mgr. 11. gr. og 12. gr. varða sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru. Upptæk skal gera tæki þau og hluti, sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt.
2. Valdi maður af ásettu ráði eða gáleysi truflun eða skemmdum á fjarskiptavirkjum, þá varðar það sektum, nema verki sé svo farið, að það eigi að varða refsingu eftir því sem í 176. gr. almennra hegningarlaga segir. Sá sem skemmdum eða truflun hefur valdið, skal bæta allt tjón, sem af því hefur hlotist, þar með talið viðskiptatap.
3. Brot gegn 15. gr. (sbr. og 17. gr.) varðar refsingu samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga, sé það framið af ásetningi. Víkja skal þá starfsmanni þeim, sem brotlegur hefur gerst, frá starfi. Sé brotið framið af starfsmanni stofnunar, sem í 3. gr. getur sbr. 17. gr., skal honum vikið úr þjónustu stofnunarinnar, ef ráðherra krefst þess. Hafi brot gegn 15. gr. (sbr. 17. gr.) verið framið af gáleysi, varðar það sektum.
4. Brot gegn 16. gr. (sbr. og 17. gr.) varðar refsingu samkvæmt 137. gr. almennra hegningarlaga, sé það framið af ásetningi. Akvæði 3. töluliðs hér á undan um brottvikningu starfsmanns þess, er sekur hefur gerst, koma hér einnig til greina. Sé brotið framið af gáleysi, varðar það sektum.

5. Brot gegn 18. gr. varðar sektum samkvæmt 1. mgr. 228. gr. almennra hegningarlaga.
6. Brot gegn 20. og 21. gr. og fyrirmælum, er ráðherra setur samkvæmt þeim, varða varðhaldi eða fangelsi. Þó má beita sektum, ef sök er smávægileg eða sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.
7. Brot gegn 22. gr. varða sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.
8. Þann, sem ekki stendur skil á áföllnum gjöldum á réttum gjalddaga fyrir fjarskipti eða afnot fjarskiptavirkja, má útiloka algerlega frá öllum fjarskiptum, hvort heldur er til hans eða frá honum, um óákveðinn tíma, þar til hann hefur greitt skuld sína að fullu.
9. Ákveða má í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, að brot gegn ákvæðum þeirra varði refsingum samkvæmt lögum.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi:

Lög nr. 30 27. júní 1941 um fjarskipti með áorðnum breytingum sbr. lög nr. 24 frá 23. maí 1975.

Lög nr. 95 14. maí 1940 um lántöku fyrir ríkissjóð til talstöðva í fiskiskip o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir til nýrra laga um fjarskipti er samið af nefnd, sem skipuð var af þáverandi samgönguráðherra, Steingrími Hermannssyni, með bréfi, dags. 20. nóvember 1981.

Nefndin fékk það verkefni að endurskoða gildandi lög um fjarskipti nr. 30 frá 27. júní 1941.

Í nefndinni áttu sæti Halldór E. Sigurðsson, fyrrverandi samgönguráðherra, formaður nefndarinnar, Brynjólfur Ingólfsson, ráðuneytisstjóri, Eiður Guðnason, alþingismaður, Guðjón Ingvi Stefánsson, framkvæmdastjóri, Helgi Seljan, alþingismaður, Jón A. Skúlason, póst- og símamálastjóri og Jón Sveinsson, lögfræðingur. Ritari nefndarinnar var Bragi Kristjánsson, framkvæmdastjóri.

Ennfremur starfaði Árni Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður, með nefndinni sem lögfræðilegur ráðunautur.

Nefndin lauk formlega störfum 12. janúar 1984 og sendi samgönguráðherra, Matthíasi Bjarnasyni, samhljóða tillögur sínar um breytingar á gildandi fjarskiptalögum, svo og drög að frumvarpi til nýrra laga ásamt athugasemdum við einstakar greinar þess, með bréfi dags. 16. janúar 1984.

Nefndin starfaði með hléum frá desember 1981. Mikill tími fór í gagnaöflun, einkum vegna þess ákvæðis í skipunarbréfi nefndarinnar „að nefndin kynni sér hliðstæð lög sem í gildi eru í nágrannalöndunum.“

Fyrsta verkefni nefndarinnar var því að koma í framkvæmd þessu ákvæði í skipunarbréfi hennar og leita fanga hjá öðrum þjóðum um þeirra löggjöf varðandi fjarskiptamál.

Um þetta atriði segir í álit nefndarinnar:

„Í ljós kom mjög fljótlega, að framkvæmd við öflun gagna um fjarskiptalög annarra þjóða yrði seinvirk og það svo, að ákvæði í skipunarbréfinu um starfstíma nefndarinnar stæðist ekki. Síðustu gögn bárust henni í nóvember 1983, þ. e. nefndarálit frá millþinga-nefnd, sem verið hefur að störfum við endurskoðun fjarskiptalaga í Noregi. Álit þeirrar nefndar og íslensku fjarskiptanefndarinnar fer saman í veigamestu stefnumótandi atriðum og virðist mjög hliðstætt.“

Þetta atriði svo og ýmis ófyrirséð atvik eins og fjarvera einstakra nefndarmanna vegna veikinda og annarra starfa varð þess valdandi að störf nefndarinnar lágu að mestu niðri frá apríl 1983 til október sama ár.

Núverandi samgönguráðherra, Matthías Bjarnason, tók þá ákvörðun að gera ekki breytingar á skipan nefndarinnar, en óskaði eftir því að hún lyki störfum sem fyrst.

Eftir að nefndinni bárust upplýsingar um fjarskiptalög annarra þjóða, einkum frá Norðurlöndum, Bretlandi og Bandaríkjunum, bar hún þau að sjálfsögðu saman við gildandi íslensk fjarskiptalög. Ennfremur gerði hún sér eins nákvæma grein og auðið var fyrir nauðsynlegum breytingum á gildandi fjarskiptalögum með samanburði við erlend fjarskiptalög og þeim breytingum sem viðhorf til þessara mála hafi skapað. Á þessum athugunum byggði fjarskiptanefndin tillögur sínar að því lagafrumvarpi, er fylgdi nefndaráliti hennar.

Nefndin var sammála um að Póst- og símamálastofnunin fari með fyrir Íslands hönd yfirráð og vald gagnvart öðrum þjóðum, er fjarskipti varðar, svo sem verið hefur og nú er. Svo verði einnig um dreifingu og rekstur fjarskipta innanlands. Höfuðbreyting á frumvarpi fjarskiptanefndarinnar frá núgildandi löggjöf, er fólgin í því að fella niður einkarétt ríkisins, þ. e. Póst- og símamálastofnunarinnar, til að flytja inn og versla með notendabúnað vegna fjarskipta. Hann er samkvæmt þriðju grein í frumvarpi nefndarinnar afnuminn.

Póst- og símamálastofnunin má þó að sjálfsögðu flytja inn og versla með notendabúnað í samkeppni við þá aðila, sem vilja sinna þeim viðskiptum. Hins vegar verður samkvæmt ákvæðum frumvarpsins hver innflytjandi notendabúnaðar, sem tengja á við kerfi ríkisins að tryggja sér yfirlýsingu Póst- og símamálastofnunarinnar um, að hver og ein tegund notendabúnaðar eða hluti hans uppfylli þær kröfur, sem gilda um notendabúnað á hverjum tíma.

Til að tryggja viðskiptaaðila gagnvart jafnrétti um þetta ákvæði frumvarpsins, verður með reglugerð ákveðið að skipa dómnefnd er skeri úr ágreiningi, er upp kynni að koma um samskipti innflutningsaðila vegna úrskurðar Póst- og símamálastofnunarinnar um tæknibúnað. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist að jöfnu af deiluaðilum, enda tilnefna þeir hvor sinn mann í nefndina.

Ennfremur taldi nefndin nauðsyn bera til að innflytjendur hverjir sem þeir eru eða framleiðendur, sjái svo um að varahlutir og viðhaldsþjónusta sé ætíð fyrir hendi. Einnig ber nauðsyn til að hafa kunnáttumenn til starfa við uppsetningu fjarskiptatækja og ber að leggja áherslu á nám þeirra.

Þá lagði nefndin í áliti sínu höfuðáherslu á, að leynd og vernd fjarskipta gildi jafnt hjá einstaklingum og fyrirtækjum, sem og á vegum ríkisins og Póst- og símamálastofnunarinnar. Sama ákvæði gildi þar um viðurlög. Ennfremur eru ákvæði um öryggi á öfriðartímum hert í þessu frumvarpi til fjarskiptalaga.

Framfarir á sviði allrar fjarskiptatækni eru undraörar um þessar mundir. Símtækni breytist hratt og hefur því til dæmis verið spáð, að eftir 16 ár, eða árið 2000 verði um helmingur allra Evrópubúa með símtæki á sér. Tölvur og tölvunotkun færast í vaxandi mæli inn á heimilin. Líklegt er að á næstu árum þróist síminn, tölvan og sjónvarpið, sem nú eru þrjú aðskilin tæki, í það að vera eitt og sama tækið, sem til sé á sem næst öllum heimilum.

Þessar öru framfarir gera það að verkum að fjarskiptalög og reglur þar um, þurfa stöðugrar endurskoðunar við til aðlögunar breyttum aðstæðum.

Á fundum nefndarinnar var töluvert rætt um svokölluð „kapalkerfi“, sem nokkuð hafa rutt sér til rúms hér á landi utan marka laga og réttar að því er best verður séð. Nefndarmönnum er ljóst, að slík „kapalkerfi“ eða boðveitur munu koma að minnsta kosti í þéttbýli á næstu árum, — kerfi sem flutt geta upplýsingar og myndefni til og frá heimilum. Í nefndinni var rætt hvaða aðilar ættu að eiga og reka slík kerfi. Er þar um mikið mál að ræða, þar sem ekki hefur verið mörkuð nein stefna af hálfu stjórnvalda. Nefndin taldi slíka stefnumörkun ekki í sínum verkahring. Þar hljóti umfjöllun Alþingis og ríkisstjórnar að þurfa að koma til. Í áliti nefndarinnar er minnt á það, að á döfinni eru breytingar á útvarpslögum, sem hugsanlega kunna að leiða til breytinga á fjarskiptalögum.

Að lokum skal ítrekað það álit nefndarinnar, að sú endurskoðun fjarskiptalaga, sem hún vann að er ekki lokamark, heldur aðeins áfangi á lengri leið. Örar framfarir krefjast þess, að þessi mál séu í sífelldri endurskoðun.

*Athugasemdir við einstakar greinar
frumvarps til laga um fjarskipti.*

Frumvarpið skiptist í 10 kafla með sérstökum fyrirsögnum til betra yfirlits. Fara hér á eftir skýringar á hinum einstöku greinum þess:

Um 1. gr.

Í greininni eru orðaskýringar samsvarandi því sem var í 1. gr. fjarskiptalaganna frá 1941. Hér er svo bætt við nýju orði „notendabúnaður“, en hann telst vera þau tæki og búnaður, sem notaður er og tengdur hinu opinbera fjarskiptakerfi frá „húskassa“ húsrýmis eða starfsstöðvar notanda. Starfsstöð, svo sem stofnun, fyrirtæki, skólar o. s. frv., telst ein eða fleiri byggingar innan sömu lóðar. Þá er tekið fram í niðurlagi greinarinnar, að fjarskipti svo sem þau tíðkast innan heimila og starfsstöðva falla utan ákvæða laganna hvað varðar einkarétt ríkisins til reksturs fjarskipta.

Um 2. gr.

Þessi grein er tilsvarendi 1. og 3. tölulið í 2. grein fjarskiptalaganna frá 1941.

Um 3. gr.

Í þessari grein felst meginbreytingin á núgildandi fjarskiptalögum. Einkaréttur ríkisins til þess að flytja til landsins, selja og setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra nær ekki lengur til notendabúnaðar. Á þá er flytja inn eða smíða og selja notendabúnað er einungis lögð sú skylda, hvað snertir fjarskiptalögin, að fyrirfram sé aflað yfirlýsingar Póst- og símamálastofnunarinnar um að þær tegundir eða gerðir notendabúnaðar, sem fluttar eru til landsins og tengja á fjarskiptakerfi ríkisins, uppfylli þær tækniröfur sem gilda á hverjum tíma um notendabúnað. Greinin gerir einnig ráð fyrir því að synjun Póst- og símamálastofnunar megi skjóta til sérstakrar nefndar til úrskurðar. Þá er og lögð sú kvöð á innflytjendur, að þeir sjái til þess að varahlutir og viðhaldsþjónusta fyrir þann búnað sem þeir flytja inn og selja, verði fyrir hendi.

Um 4. gr.

Grein þessi er samsvarandi 5. grein í núgildandi fjarskiptalögum.

Um 5. gr.

Grein þessi er samsvarandi 6. grein í núgildandi fjarskiptalögum.

Um 6. gr.

Grein þessi kemur í stað 9. greinar núgildandi fjarskiptalaga sem vegna tækniþróunar og ýmissa lagaákvæða og reglugerða, sem settar hafa verið í millitíðinni, eru orðin gjörsamlega úrelt.

Um 7. gr.

Grein þessi er hliðstæð 10. grein fjarskiptalaganna frá 1941. Þó er gert ráð fyrir því, að Póst- og símamálastofnunin hafi eftirlit með fjarskiptum þeirra aðila, sem með sérstökum lögum annast fjarskipti á tilteknum sviðum.

Um 8. gr.

Þessi grein er tilsvarendi 1. málsgrein í 11. grein núgildandi fjarskiptalaga, en 11. grein þeirra laga hefur hins vegar verið felld niður að öðru leyti vegna breyttra aðstæðna.

Um 9. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um heimild ráðherra til þess að setja gjaldskrá fyrir þjónustu, sem Póst- og símamálastofnunin veitir. Þessi heimild var áður í 12. grein fjarskiptalaganna 1941. Að öðru leyti er tekið upp í grein þessa ákvæði um heimild fyrir ráðherra til þess að ákveða að fella niður afnotagjöld af sínum elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar skv. lögum um almannatryggingar (nú 19. grein laga um almannatryggingar frá 1971).

Um 10. gr.

Þessi grein er tilsvarendi 13. grein núgildandi fjarskiptalaga. Orðalagi er þó breytt og greinin færð til samræmis við reynslu á framkvæmd hennar undanfarin ár.

Um 11. gr.

Þessi grein er samsvarandi 14. grein fjarskiptalaganna frá 1941 með smávægilegum orðalagsbreytingum. Sérstaklega er tekið fram að þeir, sem ákveða framkvæmdir er verða til þess að valda tjóni á fjarskiptavirkjum eða þeir, sem annast þær framkvæmdir, beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem af þeim hljótaskast.

Um 12. gr.

Þessi grein er samsvarandi 15. grein fjarskiptalaganna frá 1941.

Um 13. gr.

Þessi grein er samsvarandi 16. grein fjarskiptalaganna frá 1941.

Um 14. gr.

Þessi grein er samsvarandi 17. grein fjarskiptalaganna frá 1941 en aðferð við mat á bóttum er færð til samræmis við gildandi lög um mat á eignarnámsbóttum.

Um 15. gr.

Grein þessi er samsvarandi 19. grein fjarskiptalaganna frá 1941 með áorðnum breytingum.

Um 16. gr.

Grein þessi er samsvarandi 20. grein fjarskiptalaganna frá 1941.

Um 17. gr.

Grein þessi samsvarar 21. grein fjarskiptalaganna frá 1941. Í þessari grein er auk þess tekið fram, að sömu viðurlög við brotum á þeim greinum sem tiltekna eru í 17. grein og lögð eru á starfsmenn fjarskiptavirkja ríkisins, skuli og leggja á þá aðila, sem fá réttindi til uppsetningar og tengingar fjarskiptavirkja skv. 3. grein þessa lagafrumvarps.

Um 18. gr.

Þessi grein er hliðstæð 22. grein fjarskiptalaganna frá 1941. Vegna breyttrar tækni er eigi unnt að banna óviðkomandi að taka við fjarskiptum eða hlusta á fjarskiptasamtöl en í þessari grein er lagt bann við að menn notfæri sér slíkt á nokkurn hátt.

Um 19. gr.

Grein þessi er samsvarandi 23. grein fjarskiptalaganna frá 1941. Með þeim breytingum að í stað orðsins síðferði er notað orðtakið almennt velsæmi. Þá er og síðasta setningin felld niður.

Um 20. gr.

Grein þessi er hliðstæð 24. grein fjarskiptalaganna frá 1941 en örlítið stytta.

Um 21. gr.

Þessi grein er samsvarandi 25. grein fjarskiptalaganna frá 1941 nema hvað mat á endurgjaldi fyrir fjarskiptavirki eða tæki sem afhent eru Póst- og símamálastofnuninni, skuli metin af dómkvöddum mönnum í stað stofnunarinnar sjálfrar eins og áður var.

Um 22. gr.

Þessi grein er að öllu leyti samhljóða 26. grein fjarskiptalaganna frá 1941.

Um 23. gr.

Í grein þessari eru talin upp viðurlög við brotum á hinum ýmsu greinum lagafrumvarps þessa. Viðurlögin í þessari grein eru samsvarandi viðurlögum þeim sem í 27. grein fjarskiptalaganna frá 1941 voru lögð við brotum á þeim lögum.

Um 24. gr.

Í grein þessari er mælt fyrir um, að við gildistöku þessa lagafrumvarps falli úr gildi fjarskiptalögin nr. 30 frá 26. júní 1941 með áorðnum breytingum svo og lög nr. 95 frá 1940 sem löngu eru orðin óvirk.